

Fundur 24.3.2025 Tatama Ra var uppi í Egyptalandi fyrir 2000 árum.

Komið þið öll blessuð og sæl.

*Já góða kvöldið.*

Fylgir okkur mikill máttur frá Guðum þjóðar minnar til forna og vona ég að þið megið njóta þess.

Og er það langt síðan ég fór að taka þátt í því að tengja á milli hnattanna fyrir aðra og langt síðan við komum upp á það mikla þekkingar stig að vita að framlífið er efniskennt.

Og metum við dr. Helga Pjeturss mikils og þurfum við að samræma margar fornar kenningar í okkar trúarbrögðum sem við tókum upp aftur, þegar hin mikla umbreyting til góðs, varð á okkar þjóðfélagi og við komumst alveg inn á þessa Nýalsbraut og urðu það miklar framfarir í vísindum og kærleika og orkumálum.

Og ætla ég að vona að okkur takist að tengja á milli hnattanna og leyfa ykkur að njóta orku þeirra Guða okkar sem mun gera auðveldara um sambönd.

Og vildi ég gjarnan segja frá sögu þjóðar minnar, því ekki hafa margir af okkar þjóð talað til ykkar á fundum, og höfum við þó fylgst með og höfum við verið í sambandi við framlífs hnetti ykkar fólks og talað þar á fundum.

Er menning okkar ævaforin og er ég, vildi ég lýsa því í upphafi að langt er síðan við vorum uppi á jörðinni, og hef ég fengist við það að tengja á milli þjóðirnar eins og margir aðrir á þessum fundum hjá okkur á framlífs jörð.

Og vildum við lýsa því hér í kvöld að langt er síðan, að stilli orka ykkar vestrænna þjóða bauð upp á það að fram kæmu margir miðlar sem voru bæði lækningar miðlar og sönnunar miðlar í andatrúar stíl, en það kemur í bylgjum áhuginn á slíkum málum hjá ungum og öldnum hjá ykkur eins og öðrum.

Og við höfum verið að vinna með ykkar miðla eins og aðra, og verðum að segja að ekki er alltaf hægt að koma í gegn persónulegum upplýsingum, en höfum við sérstaklega orðið vör við það að árásir helstefnu aflanna hafa beinst að ýmsum sem sinna framfara málefnum eins og ykkar félagi, bæði hvað varðar góð sambönd og annað.

Og að áhugi hafi farið minnkandi á þessum málum á undanförunum áratugum hjá ykkur, en sjálfur hef ég sinnt þessu sama starfi á nokkuð mörgum framlífs jörðum, að undanförunu, enda var ég uppi fyrir um það bil 2000 árum á Egyptalandi, þegar Rómverjar höfðu undirtökin í okkar landi.

Og hefur margt gerst síðan þá og hér er mikið framfara þjóðfélag, en tók það okkur tíma að ná þeim framförum og vonum að þið náðið þeim framförum einnig, og er það talsvert undir hinni íslensku þjóð komið eins og sumir spádómar nefna.

Trúum við því og viljum því efla ykkar starf.

*Er það rétt að pýramídar bendi á Ísland ?*

Já það er rétt, ég var aðeins bóndi og ræktaði korn og var um það talað að menning okkar væri í hnignun þegar ég var uppi, en hef ég fræðst um þetta meira í framlífi.

Og Guðir þeir sem reistu þessa pýramída vissu það vel að Ísland ætti hlutverki að gegna í framtíðinni, já ég er sammála þessu.

Við ætlum hér að reyna að hjálpa til við að koma á sambandi sem þið hafið gott af að fá og við viljum koma á og svo munum við reyna að hjálpa til við önnur sambönd hér í kvöld, höfum við margsinnis verið meðal þeirra þjóða sem sinna þessum tengingum.

Nafn mitt er Tatama Ra.

*Já vertu velkominn.*

Verið þið sæl og blessuð.

*Má ég spurja þig einnar spurningar ?*

Já.

*Veist þú hvað í býgerð er hjá myrkheimsguðinum Jahve Jel og Allah ?*

*Sem hann er kallaður, veist þú það ?*

Já ég get nú ekki nákvæmlega farið út í það, en

*Er það á tæknisviðinu eða eru á leiðinni nýir sjúkdómar eða ?*

Já já það er vissulega rétt, já þetta er flókið mál, það eru tækninýjungar hjá ykkur, já það tengist því.

Já já, en hins vegar hefur unnist nokkur sigur gegn þeim helstefnu öflum og ástæða til bjarnsýni.

*Já takk fyrir.*

Já þetta er mikið mál, þú hefur talsvert kannað þetta heyri ég ?

*Já ég hef verið að rannsaka þetta, mjög mikið.*

Já, já það er rétt þetta með tæknina, hún tengist þessu, en ég þakka spurninguna.

Verið þið öll blessuð og sæl.

*Vertu sæll og þakka þér fyrir komuna.*